

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

---

Ársreikningur

---

**2009**

---

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum  
Iðavöllum 12  
230 Reykjanesbær  
kt. 640479-0279

# Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum

---

Ársreikningur

---

**2009**

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Tekju- og gjaldareikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-14

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og eignaraðila Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma tekju og gjaldareikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sambandsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sambandsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.


Reykjanesbær 29. mars 2010

Deloitte hf.

  
Anna Birgitta Geirfinnsdóttir  
endurskoðandi

Við undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn ársreikninga Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, höfum yfirfarið ársreikninginn og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjanesbær, 29. mars 2010



# Skýrsla stjórnar

---

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna á Suðurnesjum og hlutverk þess er að annast ýmis sameiginleg verkefni fyrir þau. Stærri verkefni eru fjármögnuð með lántöku og endurgreiða sveitarfélögin þau eftir því sem afborganir og vextir af lánsfjármögnun falla til.

Á árinu störfuðu að meðaltali 5 starfsmenn hjá sambandinu miðað við heilsársstörf við starfsemi þess og tengdra fyrirtækja en hluti launakostnaðar er síðan gjaldfærður hjá Sorpeyðingarstöð Suðurnesja. Laun og launatengd gjöld færð á rekstur sambandsins á tímabilinu námu samtals 29,3 milljónum króna. Hagnaður tímabilsins nam um 9,5 milljónum króna og eigið fé í lok ársins var um 40,4 milljónir króna.

Á árinu 2009 voru lífeyrisskuldbindingar sambandsins og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja settar inn í ársreikninginn. Skuldbindingin nam 78,8 milljónum króna í ársbyrjun en 73,7 milljónum króna í árslok.


Stjórn og framkvæmdarstjóri Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 29. mars 2010

Í stjórn




Sigmar Eðvarðsson  
stjórnarformaður



Birgir Örn Ólafsson



Laufey Erlendsdóttir




Garðar K. Vilhjálmsson



Óskar Gunnarsson

Framkvæmdastjóri



Berglind Kristinsdóttir

# Tekju- og gjaldareikningur ársins 2009

	Skýr.	2009	Áætlun 2009	2008
<b>Tekjur</b>				
Rekstrartekjur .....		221.275.854	190.699.000	191.777.218
Aðrar tekjur .....		1.000.000	1.000.000	0
Fjármunatekjur verkefna .....	4	869.283	0	0
		<u>223.145.137</u>	<u>191.699.000</u>	<u>191.777.218</u>
<b>Gjöld</b>				
Laun og tengd gjöld .....	3	29.346.181	23.381.000	28.237.182
Önnur rekstrargjöld .....		38.482.848	7.945.000	12.523.966
Styrkir .....		74.643.159	75.558.000	59.895.691
Fjármagnsgjöld verkefna .....	5	45.350.970	23.315.966	69.712.690
Breyting á útlögðum kostnaði verkefna .....		35.407.552	61.499.034	21.016.418
		<u>223.230.710</u>	<u>191.699.000</u>	<u>191.385.947</u>
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>		(85.573)	0	391.271
Fjármunatekjur .....	4	12.122.337	0	13.936.429
Fjármagnsgjöld .....	5	(2.580.726)	0	(1.296.821)
<b>Tekjuafgangur tímabilsins</b>		<u>9.456.038</u>	<u>0</u>	<u>13.030.879</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
<b>Fastafjármunir</b>			
Langtímakrafa vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja .....	6	202.616.741	256.047.117
Fjárfestingaverðbréf .....	7	500.000	0
Krafa á Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja vegna lífeyrisskuldbindinga .....	11,13	42.922.467	46.434.245
		<u>246.039.208</u>	<u>302.481.362</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Krafa vegna verkefna .....	8	54.496	1.503.898
Viðskiptakröfur .....	8	30.896.489	45.065.796
Krafa á tengda aðila .....	13	84.615.884	73.085.715
Aðrar skammtímakröfur .....	8	3.858.713	8.001.825
Næsta árs afborganir vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja .....	6	99.122.000	95.700.000
Handbært fé .....	8	17.173.402	47.408.308
		<u>235.720.984</u>	<u>270.765.542</u>
<b>Eignir</b>		<u>481.760.192</u>	<u>573.246.904</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eigið fé og skuldir	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
<b>Eigið fé</b>	9		
Ójafnað tap .....		40.384.285	30.928.247
Eigið fé		<u>40.384.285</u>	<u>30.928.247</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldabréf með ábyrgð sveitarfélaga .....	10	209.683.324	288.674.955
Lífeyrisskuldbinding .....	11	73.742.751	78.762.450
		<u>283.426.075</u>	<u>367.437.405</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld vegna verkefna .....	12	35.531.079	52.139.691
Viðskiptaskuldir .....	12	6.582.339	3.578.006
Skuld við tengda aðila .....	13	0	5.851.648
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	12	103.906.164	96.021.121
Aðrar skammtímaskuldir .....	12	11.930.250	17.290.786
		<u>157.949.832</u>	<u>174.881.252</u>
Skuldir		<u>441.375.907</u>	<u>542.318.657</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>481.760.192</u>	<u>573.246.904</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009

	2009	2008
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Tekjuafgangur tímabilsins .....	9.456.038	13.030.879
Hækkun (lækkun) á skuldbindingum .....	(1.507.921)	0
Verðbætur langtímalána .....	2.504.409	8.483.732
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>10.452.526</b>	<b>21.514.611</b>
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....	19.761.821	21.354.975
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....	(18.964.815)	233.214
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>	<b>11.249.532</b>	<b>43.102.800</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Útlagður kostnaður vegna langtímaverkefna .....	(18.475.673)	(22.909.508)
Afborganir langtímaverkefna .....	95.700.000	87.600.000
Krafa á tengda aðila lækkun (hækkun) .....	(11.530.169)	16.699.076
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf .....	(500.000)	0
	<b>65.194.158</b>	<b>81.389.568</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Afborganir langtímaskulda .....	(100.826.948)	(89.987.570)
Skuld við tengda aðila hækkun (lækkun) .....	(5.851.648)	(4.069.863)
	<b>(106.678.596)</b>	<b>(94.057.433)</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....	(30.234.906)	30.434.935
Handbært fé í upphafi árs .....	47.408.308	16.973.373
Handbært fé í lok tímabilsins .....	<b>17.173.402</b>	<b>47.408.308</b>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum er samband sem var stofnað af sveitarfélögum á Suðurnesjum, Sveitarfélaginu Garði, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Sveitarfélaginu Vogum.

Tilgangur sambandsins er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. desember ár hvert.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður í íslenskum krónum.

Gerður er sérstakur rekstrarreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Brunavarnir Suðurnesja og Vaktþjónustu Brunavarna Suðurnesja. Tekjur og gjöld vegna annarra verkefna á vegum sambandsins eru færð í gegnum rekstrarreikning sambandsins en síðan eru áhrif þeirra færð út undir liðnum "Breyting á útlögðum kostnaði vegna verkefna" og flutt á stöðu verkefna í efnahagsreikningi. Þegar verkefni er að fullu lokið er nettóstaða þess færð í gegnum rekstrarreikning og út úr efnahagsreikningi sambandsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá félaginu.

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

### Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. Fjármagnskostnaður sem tilheyrir ákveðnum verkefnum er eignfærður og kemur ekki inn í rekstrarreikning sambandsins fyrr en verkefninu er lokið.

# Skýringar

## 2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

### Verðbréf

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári. Ef lánin tilheyra verkefnum sem haldið er utan við rekstur sambandsins þá er vaxta- og lántökukostnaður eignfærður.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	31.12.2009	31.12.2008
Laun .....	27.376.165	24.740.484
Launatengd gjöld .....	5.198.146	5.154.096
Annar starfsmannakostnaður .....	814.938	734.467
Þátttaka annarra í launakostnaði .....	(17.685.926)	(15.503.708)
Laun og launatengd gjöld verkefna .....	<u>13.642.858</u>	<u>13.111.843</u>
	29.346.181	28.237.182
Stöðugildi að meðaltali .....	5	5

Frá og með ársbyrjun 1990 hefur sambandið annast allar launagreiðslur fyrir sameiginlega skrifstofu þess og Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja. Laun sambandsins og sorpeyðingarstöðvarinnar eru færð í gegnum sameiginlega launareikninga í bókum SSS og launakostnaður stöðvarinnar síðan skuldfærður í viðskiptareikning hennar.

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2009 námu 7,4 milljónum króna.

# Skýringar

## 4. Fjármunatekjur

### Fjármunatekjur vegna verkefna:

	31.12.2009	31.12.2008
Vaxtatekjur vegna verkefna .....	869.283	0
	<u>869.283</u>	<u>0</u>

### Fjármunatekjur vegna reksturs:

	31.12.2009	31.12.2008
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	1.849.024	3.466.381
Vaxtatekjur fluttar frá öðrum verkefnum .....	7.139.965	0
Aðrar vaxtatekjur .....	3.133.348	10.470.048
	<u>12.122.337</u>	<u>13.936.429</u>

## 5. Fjármagnsgjöld

### Fjármagnsgjöld vegna verkefna:

	31.12.2009	31.12.2008
Vaxtagjöld vegna verkefna .....	45.350.970	69.712.690
	<u>45.350.970</u>	<u>69.712.690</u>

### Fjármagnsgjöld vegna reksturs:

	31.12.2009	31.12.2008
Vaxtagjöld flutt á önnur verkefni .....	(1.753.246)	(11.120.733)
Önnur vaxtagjöld .....	4.333.972	12.417.554
	<u>2.580.726</u>	<u>1.296.821</u>

## 6. Langtímakrafa vegna Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Á árinu 2003 gaf sambandið út og seldi skuldabréf að nafnverði 500 milljónir króna og eru þau skráð í Kauphöll Íslands. Skuldabréfin eru verðtryggð, bera 5% fasta vexti og ávöxtunarkrafan er 5%. Tilgangur útgáfunnar er að fjármagna viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja og er skuldabréfalánið með ábyrgð sveitarfélaganna sem standa að Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. desember 2003, en þau greiðast með 30 afborgunum á þriggja mánaða fresti. Skuldin og endurkrafan eru færðar meðal langtímaskulda og fastafjármuna í efnahagsreikningi sambandsins ásamt áföllnum verðbótum og vöxtum til loka ársins og greinast þannig:

	31.12.2009
Staða í ársbyrjun .....	351.747.117
Greiðslur frá sveitarfélögum .....	(95.700.000)
Vextir, verðbætur og annar kostnaður vegna langtímalána .....	45.691.624
	<u>301.738.741</u>
Næsta árs afborganir .....	(99.122.000)
Fært á meðal fastafjármuna .....	<u>202.616.741</u>

# Skýringar

## 7. Fjárfestingaverðbréf

	31.12.2009
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	500.000
	<u>500.000</u>
Keypt á árinu .....	500.000
Staða í árslok .....	<u>500.000</u>
Fært meðal fastafjármuna .....	500.000
	<u>500.000</u>

## 8. Aðrar peningalegar eignir

### Krafa vegna verkefna

	31.12.2009	31.12.2008
Almenningssamgöngur .....	0	885.911
Heilsugæslusstöð vegna lífeyrisskuldbindinga .....	0	104.303
Héraðsnefnd Suðurnesja .....	54.496	54.496
Æskulýðsmál .....	0	459.188
	<u>54.496</u>	<u>1.503.898</u>

### Viðskiptakröfur

	31.12.2009	31.12.2008
Innlendar viðskiptakröfur .....	38.071.141	50.115.963
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	<u>(7.174.652)</u>	<u>(5.050.167)</u>
	<u>30.896.489</u>	<u>45.065.796</u>

Skammtímakröfur eru færðar niður um tæpar 7,2 milljónir króna í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta skal þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi. Heilbrigðiseftirlitsgjöld, sem eru á vegum Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, eru færð niður um tæpar 6,8 milljónir króna en rúmar 400 þúsund krónur eru vegna annara krafna. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á tímabilinu greinist þannig:

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2009	31.12.2008
Staða í ársbyrjun .....	5.050.167	4.247.106
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu.....	(376.833)	0
Gjaldfærð niðurfærsla á tímabilinu.....	<u>2.501.318</u>	<u>803.061</u>
Staða í árslok .....	<u>7.174.652</u>	<u>5.050.167</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

# Skýringar

## 8. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2009	31.12.2008
Ríkissjóður .....	3.558.578	7.165.544
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	828.386
Fyrirframgreidd laun .....	0	7.895
Fyrirframgreiddur fjármagnstekjuskattur .....	300.135	0
	<u>3.858.713</u>	<u>8.001.825</u>

### Handbært fé

	31.12.2009	31.12.2008
Bankainnistæður í íslenskum krónum .....	17.173.402	47.408.308
	<u>17.173.402</u>	<u>47.408.308</u>

## 9. Eigið fé

	Ójafnað tap
Eigið fé 31.12.2008 .....	63.256.452
Lífeyrisskuldbinding 31/12 2008 flutt á eigið fé .....	<u>(32.328.205)</u>
Eigið fé 1.1.2009 .....	30.928.247
Tekjuafgangur tímabilsins .....	9.456.038
Eigið fé 31.12.2009 .....	<u>40.384.285</u>

## 10. Langtímaskuldir

	Aðrar langtímaskuldir	
	31.12.2009	31.12.2008
Skuldir í ISK .....	313.589.488	384.696.076
	313.589.488	384.696.076
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	<u>(103.906.164)</u>	<u>(96.021.121)</u>
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>209.683.324</u>	<u>288.674.955</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Aðrar langtímaskuldir
Næsta árs afborganir .....	103.906.164
Afborganir 2010 .....	78.631.247
Afborganir 2011 .....	78.631.247
Afborganir 2012 .....	52.420.830
	<u>313.589.488</u>

# Skýringar

## 11. Skuldbindingar

### Lífeyrisskuldbindingar

Sambandið hefur á undanförmum árum greitt iðgjöld til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna hluta af starfsmönnum sínum og starfsmönnum tengdra fyrirtækja.

Eftirlaunagreiðslur Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins eru miðaðar við fasta fjárhæð frá því þegar fyrsta lífeyrisgreiðslan fer fram en eftir það ber sambandið og fyrirtæki þess ábyrgð á allri hækkun lífeyris. Á félaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áfallin skuldbinding hefur verið metin af tryggingarstærðfræðingi miðað við árslok 2009 og nemur skuldbindingin fyrir starfsmenn sambandsins 30,8 milljónum króna og fyrir starfsmenn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja 42,9 milljónum króna eða samtals 73,7 milljónum króna. Lækkun skuldbindingarinnar á milli ára nam kr. 5.019.700 og greinist þannig að kr. 3.511.778 eru færðar til tekna í rekstrarreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og kr. 1.507.922 eru færðar til tekna í rekstrarreikningi hjá sambandinu.

Framangreind lífeyrisskuldbinding er færð inn í reikningsskilin í fyrsta skipti á árinu 2009 en á síðustu árum hefur einungis verið getið um skuldbindingarnar í skýringum. Lífeyrisskuldbinding í árslok 2008 er færð inn í gegnum eigið fé en breyting ársins er færð í gegnum rekstur eins og áður hefur komið fram.

### Atvinnuþróunarráð

Atvinnuþróunarráð hefur greitt út alla styrki sem það hefur samþykkt og því hvílir engin ábyrgð á atvinnuþróunarráði í árslok 2009.

## 12. Aðrar peningalegar skuldir

### Skuld vegna verkefna

	31.12.2009	31.12.2008
Almannavarnir .....	148.470	893.042
Almenningssamgöngur .....	1.375.858	0
Atvinnuþróun .....	8.490.349	27.962.274
Heilsugæslusstöð vegna lífeyrisskuldbindinga .....	65.901	0
Menningarmál .....	18.258.688	16.570.105
Nefndalaun .....	5.001.880	4.745.791
Þroskahjálp á Suðurnesjum .....	3	3
Æskulýðsmál .....	40.812	0
Öldrunarnefnd - þjónustuhópur .....	2.149.118	1.968.476
	<u>35.531.079</u>	<u>52.139.691</u>

### Viðskiptaskuldir

	31.12.2009	31.12.2008
Innlendar viðskipaskuldir .....	6.582.339	3.578.006
	<u>6.582.339</u>	<u>3.578.006</u>

# Skýringar

## 12. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

### Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2009	31.12.2008
Áfallnir vextir á skuldir .....	2.171.522	3.520.871
Virðisaukaskattur .....	37.172	223.846
Fjármagnstekjuskattur .....	0	113.400
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	9.721.556	13.432.669
	<u>11.930.250</u>	<u>17.290.786</u>

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2009	31.12.2008
Aðrar langtímaskuldir .....	103.906.164	96.021.121
	<u>103.906.164</u>	<u>96.021.121</u>

## 13. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Kröfur		Skuldir	
	31.12.2009	31.12.2008	31.12.2009	31.12.2008
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja .....	18.093.691	25.384.798	0	0
Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja .....	343.287	0	0	5.851.648
Brunavarnir Suðurnesja .....	66.178.906	38.988.160	0	0
Vaktþjónusta Brunavarna Suðurnesja .....	0	8.712.757	0	0
	<u>84.615.884</u>	<u>73.085.715</u>	<u>0</u>	<u>5.851.648</u>
HES vegna lífeyrisskuldbindinga .....	42.922.467	46.434.245		